



ÞJÓNUSTA

STJÓRNKERFI

BORGIN OKKAR

ÞÁTTTAKA

MÍNAR SÍÐUR

EN

## Snjóhreinsun og hálfvörnir

Þegar snjór fellur í Reykjavík eða hálsa myndað er unnið samkvæmt viðbragðsáætlun vetrarþjónustu.

Aðstæður eru vaktaðar reglubundið og mannskapur kallaður út eftir þörfum. Hér er lýst hvernig við stöndum

áð þessu verkefni hvort sem það er snjóhreinsun, snjómokstur og/ eða hálkueyðing.

### Snjóvaktin

Snjóvakt með skipulögðum bakvöktum er í Reykjavík frá því í nóvember til loka mars (frá 46. viku til loka 13. viku) og utan þess tíma eftir þörfum. Aðstæður eru metnar oft, meðal annars kl. 3.00 á nóttunni. Starfsmenn Reykjavíkurborgar og verktakar á vegum borgarinnar eru ræstir út þegar aðstæður kalla á viðbrögð.

Í grófum dráttum má skipta verkefnum Reykjavíkurborgar við snjóhreinsun, snjómokstur og hálkueyðingu í þrennt eftir því hvort um er að ræða **umferðargötur, stíga og gangstéttar** eða **stofnanalóðir og strætóskýli**. Aðstæður kalla á mismunandi tækjakoð og aðferðir, en markmiðið er það sama: að tryggja greiðar leiðir. Þá hefur Reykjavíkurborg boðið íbúum að sækja sand og salt á hverfastöðvar og verkþækið þar til að bæta öryggi á gönguleiðum í sínu nágrenni og heimkeyrslum.

Reykjavíkurborg vill standa vel að þessum málum og þiggur allar ábendingar um það sem betur má fara. Bæði um hvernig vinnan er skipulögð sem og hvernig að framkvæmd er staðið. Hér á þessari síðu er yfirlit um hvernig við skipuleggjum okkar snjóhreinsun og hálfvörnir. Þeir sem hafa athugasemdir geta komið ábendingum á framfæri í síma 411 11 11 eða sett inn á ábendingavefinn okkar: [Opna ábendingavef](#).

### Forgangsröðun í stuttu máli

Stofnbrautir, strætóleiðir og fjölfarnar safngötur njóta forgangs, en miðað er við að stofnbrautir og strætóleiðir séu færar fyrir kl. 7.00 að morgni og að hreinsun annarra megin umferðargatna sé lokið fyrir kl. 8.00. [Skoða í Borgarvefsjá forgangsröðun gatna](#).

Stofnstígar svo sem göngu- og hjólastígar milli borgarluta fá forgang í hreinsun og síðan helstu gönguleiðir að strætóbiðstöðvum og skólum sem eiga að vera greiðfærar fyrir kl. 8.00 virka daga. Aðrir almennir stígar eiga að klárast fyrir hádegi. Síðan 36 tímum eða daginn eftir að snjór hættir að falla er hægt að ljúka hreinsun stíga. [Skoða í Borgarvefsjá forgangsröðun göngu- og hjólastíga](#).

Snjóhreinsun á strætóbiðstöðvum, auk þess að sanda og salta aðkomuleiðir, er unnið eftir þörfum. Þá eru gönguleiðir og bílastæði við leikskóla, grunnskóla, sundlaugar og nokkrar stofnanir hjá velferðarsviði hreinsaðar.

Vinna við snjóhreinsun hefst oft klukkan fjögur um nótt.

[Nánari lýsingu á vetrarþjónustu er að finna í þjónustuhandbók.](#)

„ Á hinum fullkomna degi þegar góð samstilling næst við máttarvöldin og hvorki frjýs né bætir í snjó eftir að búið er að skafa eða sanda gengur áætluðin eftir. Reykslan kennir okkur þó að oft þarf að fara aftur á byrjunarveit og þá reynir á að íbúar sjmi skilning á aðstæðum og skilji að tímaáætlanir geta gengið úr skorðum. Við búum nú einu sinni á Íslandi. “

### Hvenær er gatan mín rudd?


Íbúar vilja eðllega vita hvenær þeirra gata verður rudd. Eins og segir hér að framan njóta stofnbrautir, strætóleiðir og fjölfarnar safngötur forgangs.

Íbúagötur eru aðeins hreinsaðar séu þær þungfærar einkabilum, mikil hálsa, eða snjódypt meiri en 15 cm. Út af þessari reglu hefur þó verið brugðið ef talin er hætt á að frýsti þegar snjóhryggir hafa myndað. Snjóhreinsun takmarkast við að gera þessar götur akfærar og við hálkueyðingu er ýmist notaður sandur eða salt. Við snjóhreinsun íbúagatna er líklegt að við innkeyrslur myndist snjóruðningar sem Reykjavíkurborg sér ekki um að hreinsa. Það fellur því í hlut íbúanna sjálfra að hreinsa burt snjó úr innkeyrslum.

### Salt eða sandur?

Á umferðargöturnar fara stórvirk snjóruðningstæki sem komað hratt yfir og þau nota salt til hálkueyðingar. Hér hefur í auknum mæli verið notað við saltþækil sem gagnast vel á ísingu. Markmiðið er að tryggja öryggi með eins litlu saltmagni og mögulegt er.

Tengt efni	–
Tengt efni	
Hreinsun gatna og gönguleiða	
Tengd skjöl	
Vetrarþjónusta - handbók útg. 5	
Tengdar fréttir	
Sandur og salt fyrir íbúa	
Öll snjóruðningstæki úti	
Íbúar geta sótt salt og sand	
Vel gengur að ryðja snjó þrátt fyrir mikinn snjópunga í borginni	
Íbúar sækja sand og salt	
Sleitulaust unnið við snjóhreinsun	
Af fullum krafti við snjóhreinsun	
Þrjú tonn af sandi ... og gott betur	



### Ábendingavefur



Framkvæmdir í Reykjavík



Borgarvefsjá - lífandi landkort


Á stíga og gangstéttar fara sérútbúnað dráttarvélar og til hálkueyningar er notaður þveginn sandur (0 - 8 mm) og í sumum tilvikum saltþækil.

Mögulegt er að fá saltkassa í húsgötur þar sem aðstæður eru erfiðar, til dæmis í bröttum brekkum. Þjónustuver Reykjavíkurborgar veitir nánari upplýsingar í síma 4 11 11 11.

### Kostnaður við vetrarþjónustu

Kostnaður við snjóhreinsun og hálkueyningu er breytilegur milli ára og fer að mestu eftir veðurfari, en þó telur vissulega einnig að gatna- og stígakerfi hefur stækkað í árunna rás. Kröfur hafa einnig aukist og hitastýringar notaðar við snjóbræðslu.

Hlutfallslega skiptingu kostnaðar við snjóhreinsun og hálkueyningu má sjá á meðfylgjandi mynd. Tölur eru teknar saman í nóvember 2020 og eru fyrir utan kostnað Vegagerðarinnar af vetrarþjónustu á stofnbrautum.



Kostnaður eftir árum:

- 2008 = 401,3 mkr.
- 2009 = 291,5 mkr.
- 2010 = 213 mkr.
- 2011 = 380,9 mkr.
- 2012 = 596,5 mkr.
- 2013 = 436 mkr.
- 2014 = 602,6 mkr.
- 2015 = 751,8 mkr.
- 2016 = 633,9 mkr.
- 2017 = 620,9 mkr.
- 2018 = 671,3 mkr.
- 2019 = 714,9 mkr.

Kostnaður eftir veturnum.

- Veturinn 2008 – 2009 = 338,8 mkr.
- Veturinn 2009 – 2010 = 232,7 mkr.
- Veturinn 2010 – 2011 = 276,2 mkr.
- Veturinn 2011 – 2012 = 576,4 mkr.
- Veturinn 2012 – 2013 = 474,9 mkr.
- Veturinn 2013 – 2014 = 492,5 mkr.
- Veturinn 2014 – 2015 = 702,7 mkr.
- Veturinn 2015 – 2016 = 736,1 mkr.
- Veturinn 2016 - 2017 = 575,5 mkr.
- Veturinn 2017 - 2018 = 685,8 mkr.
- Veturinn 2018 - 2019 = 693,9 mkr.
- Veturinn 2019 – 2020 = 819,8 mkr.

### Vegalengdir í þjónustu

Þau sem hafa áhuga á að skoða þær vegalengdir sem lagðar eru að baki í vetrarþjónustu fá hér eitthvað við sitt hæfi. Hafa má í huga að þegar snjóar eftir að ruðningur hefst getur þurft að byrja á forgangsléiðum á ný áður en hringnum er lokað og því vill oft bæta við þær vegalengdir sem lagðar eru að baki. Til hliðsjónar má hafa að hringvegurinn (þjóðvegur nr. 1) er 1.321 km. Tölur eru teknar saman hjá landupplýsingadeild Reykjavíkurborgar í nóvember 2020.




Götur	Ruðningslengd (metrar)	Götulengd (metrar)
Þjónustuflokkur 1 Reykjavíkurborg	375.240	201.051
Þjónustuflokkur 2 Reykjavíkurborg	171.027	88.343
Þjónustuflokkur 3 Reykjavíkurborg	417.040	217.557
Upphitað	8.565	8.565
Þjónustuflokkur 1 Vegagerðin	249.370	115.403
<b>Samtals götur:</b>	<b>1.221.242</b>	
Göngu- og hjólaleiðir	Ruðningslengd (metrar)	
Þjónustuflokkur 1a	77.547	
Þjónustuflokkur 1	212.689	
Þjónustuflokkur 2	163.866	
Þjónustuflokkur 3	119.793	
Þjónustuflokkur 4	226.288	
Upphitað	25.331	
<b>Samtals göngu- og hjólaleiðir:</b>	<b>825.515</b>	
<b>Ruðningsleiðir og upphitun:</b>	<b>2.046.757</b>	






#### Fyrirspurnir og/eða ábendingar

Við viljum gjarnan fá ábendingar um það sem betur má fara. Þú getur sett inn ábendingu og upplýsingar í ábendingakerfið okkar >>> [SETJA INN ÁBENDINGU](#) <<< eða hringt í þjónustuver Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12 - 14, í síma 4 11 11 11. Starfsmenn þar færa þá ábendingu inn í kerfið.

Opið kl. 8.20 - 16.15 alla virka daga. Netfang: [upplýsingar@reykjavik.is](mailto:upplýsingar@reykjavik.is). Á snjópungum dögum er annríki mikið í þjónustuveri og biðjum við íbúa um að sýna biðlund á slíkum stundum.



**Þjónustuver**


-  [Ábendingar](#)
-  [Netspjall - 08:20-16:15](#)
-  [Spurt og svarað](#)
-  [411-1111 - 08:20-16:15](#)
-  [upplýsingar@reykjavik.is](mailto:upplýsingar@reykjavik.is)

**Opnunartímar í Borgartúni**  
 Borgartún 12-14, 105 Reykjavík  
*Opið virka daga frá 8:20 - 16:15.*  
 Teikningaafgreiðsla: mánudag – föstudag 08:20 – 16:00

**Opnunartímar í Ráðhúsi**  
 Tjarnargata 11, 101 Reykjavík  
*Opið virka daga 8:00 – 18:00*  
*Opið um helgar 10:00 – 18:00*

Kennitala Reykjavíkurborgar: 530269-7609

**Persónuverndarstefna Reykjavíkurborgar**



Á þessu vefsvæði eru notaðar vafrakökur til þess að tryggja bestu mögulegu upplifun notenda. [Lesið meira](#)

[Leyfa vafrakökun](#) [Stillingar á vafrakökum](#)

Stillingar á vafrakökum

Á þessu vefsvæði eru notaðar vafrakökur til þess að tryggja bestu mögulegu upplifun notenda. [Lesið meira](#)

[Vista stillingar](#)

Nauðsynlegar vafrakökur

Sumar vafrakökur eru nauðsynlegar til þess að vefsvæðið virki eðlilega og eru þær sjálfráfa virkar. Hægt er að fá nánari upplýsingar um þessar vefkökur í vefkökustefnu okkar.

Tölfræði

**Hafna Leyfa**

Tölfræðilegar vafrakökur hjálpa okkur að bæta heildarupplifun gesta á vefsvæðinu með því að safna upplýsingum um notkun. Reykjavíkurborg notar Google Analytics og Siteimprove til slíks auk þess að greina vefnotkun, telja heimsóknir á síðuna.

[About this tool](#)